

Innviðaráðuneytið  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. september 2022

## **Efni: Umsögn um drög að reglugerð um hönnun, smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“) og Samtök skipaiðnaðarins (hér eftir „SSI“) vísa til máls nr. 96/2022 sem birt var á samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 7. júní 2022, þar sem kynnt eru til umsagnar drög að reglugerð um hönnun, smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum. Fram kemur í umfjöllun um drögin að með umræddri reglugerð er leitast eftir að endurskoða regluverkið í heild sinni með heildargreiningu á regluverki varðandi hönnun, smíði og búnað skipa með því markmiði að einfalda, samræma og auka gagnsæi gildandi reglna.

SI og SSI skiluðu umsögn um drög að reglugerð um hönnun, smíði og búnaði báta með mestu lengd allt að 15 metrum þann 21. mars síðastliðinn. SI og SSI fagna því að komið hafi verið til móts við hluta þeirra athugasemdna sem fram komu í fyrri umsögn, en telja þó ástæðu til að áréttu nokkur atriði.

### **Verklag eftirlitsaðila**

Það skiptir sköpum að þau skilyrði sem hin nýja reglugerð gerir til framleiðslu- og þjónustuaðila séu nægilega skýr og til þess fallin að viðeigandi aðilar séu upplýstir um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra hverju sinni. Slíkt er til þess fallið að auka fyrirsjáanleika og tryggja jafnræði þegar kemur að eftirliti með hönnun, smíði og búnaði báta. Að mati SI og SSI hefur framkvæmd með eftirliti verið verulega ábótavant hvað varðar gagnsæi, upplýsingagjöf og fyrirsjáanleika við úttektir eftirlitsaðila. SI og SSI leggja áherslu á að kveða þurfi á um að gildandi verklagsreglur eftirlitsaðila verði birtar opinberlega en í framkvæmd hefur reynst erfitt að fá upplýsingar um hvar og með hvaða hætti gildandi verklagsreglur séu birtar. Að mati SSI væri það mikil réttarbót að kveða sérstaklega á um ofangreind atriði í nýrri reglugerð. Þá myndi slíkt jafnframt koma í veg fyrir að eftirlitsaðilar birti verklagsreglur eftir á eða fyrst þegar fyrirhugað er að beita þeim.

### **V-11 Rafbúnaður**

Í grein 1.2 er fest í sessi að V11 gildi fyrir rafkerfi undir 50V DC en að jafnframt sé heimilt að vísa í klassa reglur. Að mati SI og SSI þarf að skerpa á orðalagi greinarinnar þannig að ljóst sé að frumkvæði til notkunar á öðrum reglum komi frá framleiðsluaðilum og útgerðaraðilum en ekki eftirlitsaðilum en svo hefur það ekki verið í framkvæmd. Slík óvissa veldur ófyrirsjáanleika og miklu óhagræði fyrir framleiðsluaðila. Mikilvægt er að orðalag greinarinnar sé skýrt þannig að ljóst sé að um sé að ræða valkvæða heimild fyrir notandann en ekki eftirlitsaðila. Skýrara orðalag greinarinnar er til þess fallið að sporna við geðþóttaákvörðunum eftirlitsaðila.

### V-15 Lyftibúnaður

Grein 4.1 kveður á um að halli báts vegna þunga sem lyft er skuli ekki vera meiri en kveðið er á um í V-3.3.6. Gerð er athugasemd við tilvísan í tölulið 3.3.6. en í drögnum er hvergi að finna tölulið 3.3.6. og vísar greinin þannig í tóm.

### 7. regla. Farið í björgunarfleka

Greinin kveður m.a. á um að í nýjum bátum skuli vera stigi eða sambærilegur búnaður á hvorri síðu. Gerð er athugasemd við auknar kröfur en í núverandi reglugerð þurfa stigar ekki að vera á báðum síðum í bátum undir 15 metrum heldur sé fullnægjandi að hafa einn neyðarstiga að aftan. Núverandi fyrirkomulag hefur talist vera fullnægjandi og reynst vel í notkun. SI og SSI leggja áherslu á að þær breytingartillögur sem kynntar eru í drögnum séu verulega íþyngjandi fyrir báta í þessari stærð.

### Lokaorð

Að öllu framansögðu er það ósk SI og SSI að ofangreindar athugasemdir verði teknar til greina. SI og SSI fagna samráði við hagaðila í greininni og telur mikilvægt að vandað sé til verka þannig að ný reglugerð verði heildstæð, skýr og auki gagnsæi. SI og SSI gera að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við málið að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við innviðaráðuneytið.

Virðingarfyllt,



---

Lilja Björk Guðmundsdóttir,  
Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði Samtaka iðnaðarins